



samtök sjálfstæðra skóla

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. maí 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum.

SSSK-Samtök sjálfstæðra skóla hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

4. gr. – breytingartillaga á 2. mgr. 26. gr. grunnskólalaga

Grunnskólar innan SSSK eru yfirleitt tiltölulega fámennir skólar. Sú staðreynd felur í sér að þeim gæti reynst erfitt með að uppfylla þá skyldu að auka val nemenda á unglिंगastigi samkvæmt þessu ákvæði. Vakin er athygli á því að það mætti líta svo á þegar tekin er ákvörðun um nám í sjálfstæðum skóla, að umsækendur eru einnig að velja þær áherslur og sérstöðu sem skólinn býður upp á.

8. gr. c. liður – breytingartillaga á 43. gr. grunnskólalaga

Ákvæði um að í þjónustusamningi skuli tekin afstaða til þess hvort rekstraraðili hafi heimild til gjaldtöku af foreldrum, og að hvaða marki heimildin tekur til kennslu og skólamáltíða er í raun óþarft. Það liggur ljóst fyrir að ef fullt framlag fylgir ekki nemanda verður skólinn að nálgast það fjármagn hjá foreldrum og eyrnamerking gjaldtöku því óþörf.

Þá er gerð athugasemd við ákvæði um að gildistími þjónustusamnings skuli vera lengst til sjö ára í senn. Það er mat okkar í Samtökum sjálfstæðra skóla að þetta sé of skammur tími í ljósi þeirra miklu fjárhagslegu skuldbindinga sem fylgja sjálfstæðum rekstri grunnskóla og stofnkostnaði þegar nýr skóli hefur skólastarf.

Tillaga um viðbótarákvæði

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að reglugerð segi til um hvernig fara skuli með hugsanlegan rekstrarafgang sjálfstætt rekinna skóla. Í ljósi þess að enn er gengið út frá því að sjálfstæðum skólum sé einungis tryggt 75% framlag af opinberu fé þurfa skólarnir auk þess sjálfsaflafé. Því er lagt til að viðbótarákvæði geri ráð fyrir að skólunum hljóti að vera frjálst að stýra sjálfir meðferð þess fjár sem þeir afla sjálfir.

Virðingarfyllst,

F.h. SSSK

Margrét Pála Ólafsdóttir, formaður